



Fréttatilkynning  
frá  
skrifstofu forseta Íslands

## AFMÆLI SVÍAKONUNGS

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson og Dorrit Moussaieff forsetafrú hafa þegið boð Karls Gústafs konungs Svíþjóðar um að taka um helgina þátt í hátíðarhöldum í Stokkhólmi í tilefni af 70 ára afmæli konungsins. Meðal atburða í hátíðarhöldunum á laugardaginn eru guðþjónusta í hallarkirkjunni, hádegisverður í Ráðhúsi Stokkhólmsborgar og hátíðarkvöldverður í konungshöllinni. Á sunnudag snæða forsetahjónin hádegisverð með konungi og fjölskyldu hans í konungshöllinni.

29. apríl 2016

*Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).*